

# AUGLÝSING

## um friðland í Flatey á Breiðafirði

1. gr.

### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar og að fengnu áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Reykhólahrepps, landeiganda og ábúenda í Flatey að endurnýja friðlýsingu friðlands í Flatey, Stj. tíð. B, nr. 395/1975, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og er þar að finna fjölskrúðugt fuglalíf sem byggist m.a. á fjölbreyttu fæðuframboði, miklum fjörum og takmörkuðu aðgengi rándýra að svæðinu. Í friðlandinu verpa fuglategundir sem eru sjaldgæfar á landsvísu, á valista og ábyrgðartegundir Íslendinga, s.s. þórshani, kría og lundi. Auk þess er þar mikið æðarvarp. Búsvæði og lífríki í fjörum og í sjó er afar fjölbreytt og mikilvægt fæðusvæði margra fuglategunda. Náttúrufræðileg svæðisins er einnig mjög mikil. Gróðurfar einkennist af túnnum, grasmóum, gulstarmýrum og sjóflæðagróðri. Þar finnst marhálmur sem er sjaldgæfur á landsvísu.

Friðlandið í Flatey samræmist verndarflokki IV samkvæmt flokkunarkerfi IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna).

Við ákvörðun um endurnýjun friðlýsingarinnar var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978 og lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2. gr.

### *Markmið friðlýsingarinnar*

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki svæðisins og búsvæði fugla, einkum varpsvæði fágætra fuglategunda. Friðlandið hefur mikið vísinda- og fræðslugildi og er vel þekkt á meðal vísindamanna og fuglaáhugafólks. Markmið með friðlýsingunni er einnig að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins, með áherslu á búsvæði og afkomu varpfugla, og að tryggja fræðslu um fuglalífið í eynni og nágrenni.

3. gr.

### *Mörk friðlandsins*

Friðlandið nær yfir Flatey, austan línu sem dregin er þvert frá Lundabergi að vestan að austanverðri eynni við lóðarmörk Klausturhóla, svo og eftirtaldar eyjar og hólmar er liggja suður af austanverðri Flatey: Akurey, Langey, Hádegishólmi, Geirhólmi, Kerlingarhólmi og Máveyjar. Friðlýsingin nær til hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í fylgiskjali.

Stærð hins friðlýsta svæði er 140,6 ha.

#### 4. gr.

##### *Umsjón með hinu friðlýsta svæði*

Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur friðlandsins skv. 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Stofnunin getur falið öðrum umsjón með friðlandinu skv. 1. mgr. 85. gr. sömu laga og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur sem ráðherra staðfestir. Til grundvallar samningi um umsjón og rekstur friðlandsins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku.

#### 5. gr.

##### *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við ábúendur, landeiganda, Reykhólahrepp, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra sbr. 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### 6. gr.

##### *Umferð um friðlandið*

Öll umferð um friðlandið er óheimil á tímabilinu frá 15. maí – 15. júlí.

Almenningi er heimil för um friðlandið utan lokunartíma en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja umgengisreglum sem þar gilda. Gestir í friðlandinu skulu fylgja merktum gönguleiðum. Sýna skal fyllstu varkárni gagnvart lífríki svæðisins.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka fyrir umferð um friðlandið á öðrum tíma en að framan greinir í samræmi við 25. gr. a laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ábúendum er þó heimilt að nytja æðarvarp eins og verið hefur. Rannsóknar- og vöktunaraðilum skv. 8. gr. er heimil för um svæðið vegna rannsókna og vöktunar. Rannsóknar- og vöktunaraðilar skulu tilkynna Umhverfisstofnun fyrirfram um umferð um friðlandið á lokunartíma.

Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allt flug undir 3000 fetum í friðlandinu, þar með talið flug ómannaðra loftfara, er óheimilt á tímabilinu 15. maí til 15. júlí.

Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins.

#### 7. gr.

##### *Dvöl og umgengni í friðlandinu*

Næturdvöl og tjöldun er bönnuð í friðlandinu. Óheimilt er að urða eða skilja eftir rusl eða annan úrgang innan friðlandsins og kveikja eld.

Hafa skal gæludýr í bandi og fjarlægja úrgang frá þeim. Gæta skal þess að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki friðlandsins, skemmdum á náttúru og menningarminjum eða valdi gestum ónæði.

8. gr.

*Rannsóknir og vöktun*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun í friðlandinu sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

*Fræðsla*

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið í því skyni að efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um friðlandið og reglum sem um það gildir.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

*Verndun gróðurs, dýralífs og landslags*

Óheimilt er að raska gróðri og trufla dýralíf í friðlandinu, bæði á landi, í fjöru og á sjó. Ábúendum er heimilt að nytja æðarvarp og grasnytjar svo sem verið hefur. Öll nýting á svæðinu skal vera sjálfbær.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum í friðlandinu, þ.m.t. ræktun framandi plöntutegunda, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Nánar skal fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

*Verndun menningarminja*

Um vernd menningarminja fer skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og sjó innan friðlandsins eru háðar leyfi Reykhólahrepps sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hefðbundin landnotkun ábúenda, s.s. túnrækt, fjárbeit og dúntekja, er heimil. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við landnotkun. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

*13. gr.*

*Veiðar og notkun skotvopna*

Öll meðferð skotvopna sem og veiðar eru bannaðar innan friðlandsins. Ábúendum sem nýta æðarvarp í friðlandinu er heimilt að verja varpið fyrir sílamáf, svartbak og hrafni með veiðum, þó með þeim fyrirvara að það skaði ekki eða trufla varp annarra tegunda. Veiðar skulu alltaf vera í samræmi við ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

*14. gr.*

*Refsiákvæði*

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Landvörðum eða öðrum starfsmönnum friðlandsins er heimilt að vísa brott úr friðlandinu hverjum þeim sem brýtur gegn þeim reglum sem um friðlandið gilda, sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


*15. gr.*

*Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi eldri auglýsing um friðland í Flatey, nr. 395/1975.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu XX.XX 2017

Fylgiskjal  
Kort



 <b>UMHVERFISSTOFNUN</b> <a href="http://www.usf.is">http://www.usf.is</a>	<b>Friðland í Flatey</b>	 Friðlandsmörk		Flatamál: 140 á ha (1.40 km <sup>2</sup> )
				Kartavörpun: Lambert kúlavörpun
				Hinnstaða: ISN93
				Kartagerð: Guðni Harðsson LM
				Dags: 18. 03. 2016
				© Landmælingar Íslands

## Hnitaskrá 1|2

Punktur	x	y	Punktur	x	y	Punktur	x	y
1	317770,49	546952,26	55	318828,34	547784,66	109	318447,27	546557,15
2	317805,32	546963,26	56	318842,33	547770,67	110	318445,16	546542,76
3	317809,10	546964,40	57	318856,99	547758,02	111	318430,34	546516,72
4	317830,69	546970,33	58	318881,63	547746,03	112	318414,46	546484,97
5	317852,06	546976,04	59	318897,62	547730,71	113	318403,46	546453,65
6	317873,44	546982,39	60	318914,27	547726,71	114	318399,22	546431,63
7	317884,45	546985,35	61	318930,92	547729,38	115	318391,60	546410,26
8	317896,51	546994,46	62	318960,90	547730,71	116	318380,81	546390,78
9	317903,29	547003,14	63	318990,20	547728,04	117	318376,15	546373,43
10	317911,75	547010,33	64	319026,84	547719,38	118	318373,61	546358,61
11	317920,22	547013,51	65	319050,82	547704,06	119	318321,96	546300,82
12	317934,40	547015,41	66	319078,13	547679,42	120	318308,21	546291,72
13	317943,38	547017,09	67	319095,45	547649,44	121	318291,70	546285,37
14	317952,05	547023,89	68	319110,77	547614,14	122	318267,99	546267,38
15	317958,76	547029,15	69	319124,98	547593,49	123	318244,71	546253,62
16	317965,94	547033,32	70	319138,30	547568,85	124	318222,69	546235,00
17	317977,16	547044,62	71	319146,29	547553,53	125	318179,72	546231,82
18	317988,80	547056,69	72	319154,95	547524,89	126	318106,91	546235,00
19	318000,87	547067,69	73	319158,28	547505,57	127	318016,74	546239,86
20	318005,10	547077,85	74	319148,96	547489,58	128	317969,12	546247,06
21	318008,70	547089,92	75	319138,96	547478,93	129	317942,87	546253,62
22	318013,35	547099,66	76	319106,99	547452,95	130	317909,85	546271,83
23	318021,61	547116,17	77	319086,34	547430,30	131	317888,05	546281,35
24	318030,08	547132,04	78	319068,36	547408,99	132	317863,71	546285,37
25	318039,81	547153,42	79	319048,38	547390,34	133	317840,63	546293,63
26	318043,20	547166,75	80	319033,06	547373,02	134	317829,42	546298,07
27	318048,70	547179,67	81	319029,06	547337,05	135	317816,08	546310,77
28	318058,02	547208,88	82	319018,40	547317,73	136	317801,69	546321,14
29	318059,87	547221,12	83	318996,31	547289,53	137	317781,16	546330,03
30	318062,36	547232,78	84	318973,66	547253,56	138	317712,79	546331,73
31	318062,39	547232,92	85	318966,34	547232,92	139	317699,88	546326,86
32	318063,38	547240,86	86	318955,68	547211,60	140	317679,13	546318,18
33	318063,38	547245,82	87	318947,69	547197,61	141	317659,66	546307,60
34	318064,71	547251,11	88	318931,03	547164,97	142	317649,92	546303,15
35	318082,31	547261,26	89	318900,39	547129,00	143	317639,97	546301,46
36	318115,78	547280,99	90	318873,08	547095,03	144	317627,91	546299,34
37	318124,57	547286,17	91	318837,78	547051,74	145	317596,58	546281,35
38	318184,10	547323,54	92	318806,47	547023,10	146	317537,10	546281,35
39	318248,35	547691,78	93	318758,22	546967,04	147	317476,35	546280,93
40	318248,56	547692,99	94	318722,25	546919,08	148	317467,46	546284,95
41	318354,19	547746,43	95	318686,28	546876,44	149	317448,20	546303,58
42	318375,90	547837,38	96	318634,32	546820,49	150	317432,33	546311,62
43	318396,67	547845,03	97	318580,37	546746,47	151	317430,00	546322,63
44	318424,19	547849,27	98	318571,26	546731,88	152	317430,42	546345,70
45	318446,41	547847,15	99	318560,62	546715,53	153	317434,02	546366,44
46	318476,04	547843,98	100	318548,08	546705,21	154	317436,56	546377,66
47	318498,27	547848,21	101	318531,25	546690,13	155	317436,35	546392,48
48	318539,54	547842,92	102	318510,61	546669,49	156	317437,83	546414,70
49	318577,64	547842,92	103	318503,95	546654,10	157	317441,43	546436,71
50	318629,50	547837,63	104	318495,85	546639,01	158	317442,06	546463,17
51	318746,98	547837,63	105	318482,99	546628,38	159	317440,58	546477,99
52	318773,72	547825,96	106	318468,54	546610,28	160	317433,81	546496,19
53	318793,71	547816,63	107	318460,29	546593,45	161	317423,65	546512,91
54	318816,35	547794,65	108	318447,48	546573,03	162	317408,62	546535,14

## Hnitaskrá 2|2

Punktur	x	y	Punktur	x	y	Punktur	x	y
163	317399,31	546557,15	172	317460,69	546678,65	181	317648,02	546830,63
164	317394,44	546570,70	173	317476,14	546685,42	182	317670,45	546848,62
165	317391,05	546583,19	174	317487,36	546690,29	183	317694,80	546866,19
166	317392,96	546589,33	175	317497,94	546698,55	184	317711,31	546882,70
167	317405,66	546607,32	176	317535,20	546732,84	185	317719,77	546892,43
168	317421,74	546626,16	177	317565,26	546763,74	186	317728,66	546909,15
169	317431,69	546638,43	178	317585,58	546782,58	187	317742,84	546922,91
170	317439,10	546651,77	179	317603,57	546794,85	188	317757,66	546939,63
171	317449,47	546665,95	180	317621,77	546809,25	189	317770,49	546952,26

DRÖG